

Lög

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. 3. gr. er óheimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðsludælum nema slík viðskipti eigi sér stað með sérstöku viðskiptakorti gjaldskylds aðila.

2. gr.

Í stað orðsins „bifreiðum“ í 6. mgr. 13. gr. laganna kemur: ökutækjum.

3. gr.

Í stað fjárhæðanna „200.000 kr.“, „500.000 kr.“, „750.000 kr.“, „1.000.000 kr.“ og „1.250.000 kr.“ í 5. mgr. 19. gr. laganna kemur: 300.000 kr., 750.000 kr., 1.125.000 kr., 1.500.000 kr., og: 1.875.000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2010, nema ákvæði 2. gr. sem öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 11. júní 2010.